

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/434
komudagur 5.12.2005

From: dis.sigurgeirsdottir@dkm.stjr.is [<mailto:dis.sigurgeirsdottir@dkm.stjr.is>]

Sent: 5. desember 2005 16:36

To: Elín Valdís Þorsteinsdóttir

Subject: Upplýsingar um viðbótarupplýsingar í Schengen og skráning stolinna skilríkja.

Sæl Elín Valdís.

Þær upplýsingar sem um ræðir eru viðbótarupplýsingar sem geta reynst nauðsynlegar þegar bregðast á við skráningu í kerfinu. Ef við tökum sem dæmi framsal á manni sem skráður er í kerfið þá getur reynst nauðsynlegt fyrir það ríki sem ætlar að framselja viðkomandi að hafa ítarlegri upplýsingar um hann svo að hægt sé að ganga úr skugga um að hann sé í raun sá sem skráning gefur til kynna. Þetta geta t.d. verið fingraför hans, mynd af honum eða útlitslýsing s.s. háralitur, hæð og þyngd, umfram það sem kemur fram í kerfinu sjálfu. Hvað varðar hluti þá gæti komið í ljós þegar t.d. skráningaryfirvöld sem sjá um skráningu bifreiða uppgötva að bifreið sem þau hafa til meðferðar er skráð í kerfið. Þegar svo háttar til getur reynst nauðsynlegt að hafa viðbótarupplýsingar, s.s. um fastanúmer bifreiðarinnar, lit, hvernig ástand hennar er almennt, hvernig dekkjum hún er á eða jafnvel mynd af bifreiðinni.

Ofangreindar viðbótarupplýsingar geta verið af misjöfnum toga en miða allar að því sama; að auðvelda þeim sem bregðast þarf við skráningu að ganga úr skugga um að viðkomandi hlutur eða einstaklingur sé raunverulega sá sem skráður er í kerfið. Þá má geta þess að um persónuupplýsingar sem skráðar eru hjá lögreglu gilda lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr.

77/2000 og reglugerð um meðferð persónuupplýsinga hjá lögreglu nr. 322/200.

Varðandi spurningu Ágústs Ólafs um hvort þetta frumvarp hafi einhver áhrif á skráningu skilríkja sem fórnarlömb mansals framvísa þá upplýsist að þau skilríki eru aldrei skráð í kerfið þegar þeim er framvísað. Einu skilríkin sem eru skráð í kerfið eru þau skilríki sem hefur verið stolið eða hverfa.

Maður sem framvísar fölsuðum skilríkjum á landamærum verður ekki skráður í Schengen-upplýsingakerfið né heldur hin fölsuðu skilríki því þau eru einfaldlega gerð upptæk af lögregluyfirvöldum.

Vona að þetta varpi einhverju ljósi á álitaefnið.

Kveðja,

Dís.

Breytingatillaga við frumvarp til laga um breyting á lögum um Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi, nr. 16 14. apríl 2000, með síðari breytingum (þskj. 189-189. mál).

5. gr. orðist svo:

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „ökutæki“ í b-lið 2. mgr. kemur: hluti.

b. Í stað 4. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar er orðast svo:

Upplýsingar sem skráðar eru um hluti skv. 7. gr. skulu ekki standa lengur í upplýsingakerfinu en 5 ár frá skráningu.

Aðrar upplýsingar en þær sem skráðar eru í kerfið á grundvelli 6 og 7. gr. skulu ekki standa lengur en í tíu ár frá skráningu.

Skýringar:

Lagðar eru til breytingar á 5. gr. frv. þannig að efni hennar verði í fullu samræmi við efni 12. mgr. 1. gr. ákvörðunar 2005/211. Nánar tiltekið gerir tilvitnuð grein, sem breytir 113 gr. Schengen-samningsins, ráð fyrir einföldun á þeim reglum er gilda um eyðingu upplýsinga úr kerfinu. Breytingarnar sem hér eru lagðar til á 17. gr. laganna eru í samræmi við þann áskilnað og kveður b-liður frumvarpsgreinarinnar, eins og hann hljómar skv. breytingartillögu þessari, á um að upplýsingum um hluti á grundvelli 7. gr. laganna skuli eytt innan fimm ára frá skráningu. Öllum öðrum upplýsingum en skráðar eru á grundvelli 6. og 7. gr. skuli eytt innan 10 ára frá skráningu, sbr. c-lið frumvarpsgreinarinnar.

Sú breyting sem lögð er til í a-lið ákvæðisins er í samræmi við þá breytingu sem lagt er til í 2. gr. frumvarpsins að verði gerð á 7. gr. laganna. Þar er fleiri hlutum bætt við upptalningu ákvæðisins og því þarf að færa orðalag 17. gr. laganna til samræmis við það.

Ekki mun hafa verið ætlunin að hrófla við þeim ákvæðum sem gilda um endurmat skráningar skv. 2. mgr. 17. gr. né að breyta þeirri meginreglu að enginn hámarkstími gildi um geymslu skráðra upplýsinga um einstaklinga á grundvelli 6. og 7. gr. laganna.

Allsherjarnefnd
Alþingi
150 Reykjavík.

Akureyri 28. nóv. 2005


Efni: Umsögn Jafnréttisstofu um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi, 189. mál, skráning upplýsinga um einstaklinga og hluti, EES-reglur.

Með bréfi dags. 14. nóvember 2005 óskaði nefndin eftir umsögn Jafnréttisstofu um frumvarpið. Eftirfarandi er umsögn stofnunar:

Markmið laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000 er að viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og jafna þannig stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins. Starfsfólki Jafnréttisstofu er það mikil ánægja að beðið sé um umsögn á þessum málaflokki, enda er nauðsynlegt að flétta sjónarhorn kynjajafnréttis inn í alla ákvarðanatöku.

Ljóst er að ástæður karla og kvenna til flutninga milli landa eru oft mjög ólíkar, og mun líklegra er að konur séu fórnarlömb mansals en karlar. Stofan vill því leggja áherslu á að upplýsingakerfi eins og þetta þarf að nýtast í baráttunni gegn mansali á konum og börnum sem er vandamál út um allan heim. Reynslan sýnir að þar er Ísland engin undantekning.

Virðingarfyllst,


Margrét Marja Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri

LANDHELGISGÆSLA ÍSLANDS
Alþingi
Erindi nr. Þ 132/199
komudagur 28.11.2005



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

LHG/119/9.6 /DS/sig
Reykjavík 25. nóvember 2005

Umsögn Landhelgisgæslu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Schengen upplýsingakerfið á Íslandi, 189. mál, skráning upplýsinga um einstaklinga og hluti, EES-reglur.

Landhelgisgæslan gerir ekki athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

f.h. Landhelgisgæslu Íslands


Dagmar Sigurðardóttir lögfr.



LANDSSAMBAND LÖGREGLUMANNA

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/198
komudagur 28.11.2005

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

25. nóvember 2005

Landssamband lögreglumanna vísar til bréfs allsherjarnefndar, dags. 14. nóvember sl. Í bréfinu er farið fram á umsógn Landssambands lögreglumanna um frumvarp til laga um Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi, 189. mál, upplýsingar um einstaklinga og hluti, EES-reglur.

Landssamband lögreglumanna sér ekki ástæðu til að gera athugasemdir við frumvarpið í núverandi mynd og telur það ekki hafa neikvæð áhrif á starf lögreglumanna.

F.h. Landssambands lögreglumanna,

Páll E. Winkel framkvæmdastjóri

Alþingi
Erindi nr. P 132/449
komudagur 7.12.2005

Nefndasvið Alþingis
Elín Valdís Þorsteinsdóttir, nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Reykjavík, 5. desember 2005.

Umsögn laganefndar LMFÍ um frumvarp til laga um um breytingu á lögum um Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi, nr. 16 14. apríl 2000. löggjafarþing 2005–2006. Þskj. 189—189. mál.

Lögmannafélag Íslands vísar til bréfs yðar, dags. 14. nóvember 2005, þar sem óskað er umsagnar um ofangreint frumvarp. Laganefnd félagsins hefur haft frumvarpið til skoðunar og sér ekki ástæðu til að gera athugasemdir við efni þess.

Virðingarfyllst,
f.h. laganefndar Lögmannafélags Íslands

Jóhannes Rúnar Jóhannsson, hrl.,
formaður



ES/sg

Reykjavík, 28. nóvember 2005

Með bréfi allsherjarnefndar Alþingis, dagsettu 14. þ.m., barst þessu embætti til umsagnar frumvarp til laga um breyting á lögum um Schengen-upplýsingarkerfið á Íslandi nr. 16, 2000, 189. mál, skráning upplýsinga um einstaklinga og hluti, EES-reglur.

Af hálfu embættisins hefur verið farið yfir frumvarpið og er mælt með lögfestingu þess með visan til athugasemda sem því fylgja.


saksóknari

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Alþingi
Erindi nr. P 132/222
komudagur 29.11.2005

MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
THE ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTER

Reykjavík, 28. nóvember 2005.

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Mannréttindaskrifstofu Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breyting á lögum um Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi, nr. 16 14. apríl 2000, með síðari breytingum, sem lagt hefur verið fram á 133. löggjafarþingi 2005-2006.

Í athugasemdum við frumvarpið segir að með því sé ætlunin að gera nauðsynlegar breytingar á lögum um Schengen-upplýsingakerfið í Íslandi í samræmi við fjórar gerðir Evrópusambandsins, þ. á m. tvær sem kveða á um efnisbreytingar á Schengen-samningnum, meðal annars vegna baráttunnar gegn hryðjuverkum. Hér ber í upphafi að leggja áherslu á mikilvægi þess að tryggt sé að hvers kyns aðgerðir sem ætlað er að sporna gegn hryðjuverkastarfsemi samræmist mannréttindareglum sem Ísland hefur undirgengist.

Fyrirhugaðar breytingar hafa í för með sér að fjölgað er tegundum upplýsinga sem hægt er að skrá inn í Schengen-upplýsingakerfið. Mannréttindaskrifstofa Íslands lýsir áhyggjum sínum af orðalagi f-liðar 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins um breytingar á 5. gr. laga nr. 16/2004 en þar er kveðið á um að í upplýsingakerfið megi skrá "hvort viðkomandi er vopnaður, ofbeldishneigður eða á flótta." Fólk "á flótta" getur á íslenskri tungu bæði átt við um einstaklinga sem eru á flótta undan réttvísinni en einnig þá sem flýja ofsóknir, t.d. flóttamenn, hælisleitendur og fórnarlömb mansals. Í gerðum Evrópusambandsins er talað um að skrá einstaklinga sem (í enska texta): "have escaped". Mannréttindaskrifstofan telur því að æskilegt að í lögunum verði notað "á flótta undan réttvísinni" (sem finna má í athugasemdum við ákvæðið í frumvarpinu) í stað "á flótta" svo tekin séu af öll tvímæli um til hverra lögin ná og skýrt sé að þau taki ekki til annarra hópa, s.s. flóttamanna sbr. flóttamannasamning Sameinuðu þjóðanna frá 1951.

Breytingarnar hafa í för með sér að miðlun nauðsynlegra viðbótarupplýsinga í tengslum við skráningu kerfisins er auðvelduð og fleirum veittur aðgangur að því en



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
THE ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTER


áður. Að sama skapi eru ákvæði um eyðingu upplýsinga einfölduð og sérstök ákvæði eru sett um eyðingu viðbótarupplýsinga og eftirlit með aðgangi að kerfinu hert. Hér telur skrifstofan mikilvægt að skýrt sé tiltekið hvað teljist til “nauðsynlegra viðbótarupplýsinga” svo ekki sé heimild til að veita víðtækari persónuupplýsingar en nauðsyn krefur.

Ljóst er að fyrirhugaðar breytingar hafa í för með sér aukinn aðgang og miðlun persónuupplýsinga. Mannréttindaskrifstofan telur brýnt að yfirvöld tryggi samfara breytingunum að með persónuupplýsingar sé farið í samræmi við grundvallarsjónarmið og reglur um persónuvernd og friðhelgi einkalífs sem kveðið er á um í 71. gr. Stjórnarskár lýðveldisins Íslands og lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000. Þá er nauðsynlegt að tryggja áreiðanleika upplýsinganna og gæði og virkt eftirlit með því að notkun og miðlun upplýsinga samræmist mannréttindasamþykktum sem Ísland aðild að, sem kveða m.a. á um rétt til að taka við upplýsingum og rétt til friðhelgi einkalífs og fjölskyldu.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Guðrún D. Guðmundsdóttir, frvk.stj.



Alþingi
Allsherjarnefnd
150 REYKJAVÍK

Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606
netfang: postur@personuvernd.is
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 25. nóvember 2005

Tilvísun: 2005110631 SMG/-

Efni: Umsögn Persónuverndar um 189. mál, þingskjal nr. 189.

Persónuvernd vísar til bréfs allsherjarnefndar Alþingis, dags. 14. nóvember 2005, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 16/2000 um Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi. Breytingunum er ætlað að færa ákvæði laganna til samræmis við fjórar gerðir Evrópusambandsins, þ.e. reglugerð 2004/871/EB frá 29. apríl 2004, ákvörðun 2005/211/JHA frá 24. febrúar 2005, ákvörðun 2005/451/JHA frá 13. júní 2005 og reglugerð 2005/1160/EB frá 6. júlí 2005.

1.

Ekki verður annað séð en að frumvarp þetta sé í samræmi við framangreindar gerðir Evrópusambandsins. Því verða ekki gerðar efnislegar athugasemdir við ákvæði þess að öðru leyti en því, að í c-lið 4. gr., sem mælir fyrir um aðgengi Umferðarstofu að Schengen-upplýsingakerfinu, mætti að ósekju tilgreina í hvað skyni stofnuninni er heimilt að nota aðganginn. Er það í samræmi við a- og b-liði 1. mgr. 10. gr. laga nr. 16/2000 þar sem fram kemur í hvaða skyni þargreindum yfirvöld er heimilt að nota aðgang sinn að kerfinu. Þá er sérstaklega tekið fram í 1. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 2005/1160/EB að yfirvöld sem bera ábyrgð á útgáfu skráningarskírteina skuli hafa aðgang að nánar tilgreindum upplýsingum í Schengen-upplýsingakerfinu *í þeim tilgangi einum að kanna hvort ökutæki sem óskað er skráningar á hafi verið stolið, selt ólöglega eða horfið.*

2.

Fyrir skýrleika sakir þykir rétt að benda á eftirfarandi varðandi þær tilvísanir í gerðir Evrópusambandsins sem er að finna í athugasemdum í greinargerð með frumvarpinu.

1. Í athugasemdum við 1. gr. frumvarpsins er a-liður 2. mgr. sagður vera í samræmi við áskilnað 4. mgr. 1. gr. ákvörðunar 2005/211. Það ákvæði felur í sér breytingu á 99. gr. Schengen-samningsins og er réttilega tilgreint sem grundvöllur 2. gr. frumvarpsins (7.

gr. laga nr. 16/2000). Ákvæði a-liðar 2. mgr. er hins vegar efnislega sambærilegt við a-lið 7. mgr. 1. gr. ákvörðunar 2005/211.

2. Í athugasemdum við 4. gr. frumvarpsins er a-liður ákvæðisins sagður vera í samræmi við 8. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 871/2004 og 3. mgr. 1. gr. ákvörðunar nr. 2005/211. Þarna hafa tilvísanir víxlast, en grundvöllur þessa ákvæðis er 8. mgr. 1. gr. ákvörðunar nr. 2005/211 og 3. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 2004/871.

Persónuvernd gerir ekki frekari athugasemdir.

Virðingarfyllst



Páll Hreinsson



Særún María Gunnarsdóttir

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/245
komudagur 30.11.2005

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 29. nóv. 2005

Stjórn Prestafélags Íslands hefur tekið til skoðunar fjögur þingmál sem félaginu hafa borist til umsagnar. Ekki er um að ræða mjög ítarlega úttekt á hverju máli heldur einungis lausleg viðbrögð sem hér segir:

Frumvarp til laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna, 51. mál

Stjórn PÍ er andsnúin þeim hugmyndum sem fram koma í frumvarpinu og tekur efnislega undir athugasemdir og andmæli sem fram hafa komið frá heildarsamtökum opinberra starfsmanna, BSRB og BHM.

Frumvarp til barnalaga, 78. mál

Stjórn PÍ er hlynnt því fyrirkomulagi að sameiginlegt forræði sé meginregla en bendir jafnframt á nauðsyn þess að veita foreldrum fræðslu um hvað í sameiginlegu forræði felst og fylgja þeim og börnunum betur eftir með það að leiðarljósi að sameiginlega forræðið gangi upp og hagur og velferð barnanna sé í fyrirrúmi.

Frumvarp til laga um breytingu á ýsmum lögum á sviði sifjaréttar, 279. mál

Stjórn PÍ styður þær breytingar sem fram koma í þessu frumvarpi og telur þær allar eðlilegar og sjálfsagðar. Varðandi sameiginlegt forræði er áréttað það sem kemur fram í umsögn um 78. mál.

Frumvarp til laga um Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi, 189. mál

Hér er um að ræða of sértækt og viðamikil mál til þess að stjórn PÍ geti gert því fullnægjandi skil með svo stuttum fyrirvara.

Virðingarfyllst,



sr. Olafur Jóhannsson formaður PÍ



Alþingi
Erindi nr. P 132/197
komudagur 28.11.2005

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Reykjavík 24. nóvember 2005



Tilvisun: 2005110140
091.1

Alþingi
Nefndasvið
Kirkjustræti
150 REYKJAVÍK

Umsögn um frumvarp til laga um Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi, 189. mál

Vísað er til bréfs allsherjarnefndar frá 14. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar ríkislögreglustjórans um ofangreint frumvarp.

Ríkislögreglustjórinn gerir engar efnislegar athugasemdir við frumvarpið og er kunnugt um að dómsmálaráðuneytið hefur komið á framfæri leiðréttingum til allsherjarnefndar vegna 5. frumvarpsins. Ríkislögreglustjórinn vill benda á misritun í b.- lið 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins í orðinu "untnbörðsvélar".

F.h. RLS

Steinar Adolfsen / 
Smári Sigurðsson

RÍKISSAKSÓKNARI

Alþingi
Erindi nr. P 132/220
komudagur 29.11.2005

BN/
B.1031/2005.

Reykjavík 28. október 2005.

Með bréfi allsherjarnefndar Alþingis dagsettu 14. þ.m. barst ríkissaksóknara til umsagnar frumvarp til laga um breyting á lögum um Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi, nr. 16, 14. apríl 2000, með síðari breytingum, 189. mál.

Ríkissaksóknari hefur engar athugasemdir eða ábendingar vegna frumvarpsins.



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. P 132/125
komudagur 24.11.2005

Nefndasvið Alþingis,
Auturstræti 8-10,

150 Reykjavík

Reykjavík 22. nóvember 2005

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi, nr. 16 14. apríl 2000, með síðari breytingum.

Stjórn Stéttarfélags íslenskra félagsráðgjafa hefur falið siðanefnd félagsins að veita alsherjarnefnd Alþingis umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi, nr. 16 14. apríl 2000, með síðari breytingum, sbr. bréf nefndarinnar til félagsins dags. 14. nóvember 2005.

Siðanefnd Stéttarfélags íslenskra félagsráðgjafa gerir ekki athugasemd við frumvarpið.

Virðingarfyllt
f.h. siðanefndar Stéttarfélags íslenskra félagsráðgjafa

Nanna K. Sigurðardóttir
formaður

Sýslumannafélag Íslands.

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/S30
komudagur 22.12.2005


Akranes 19.12.2005.

Nefndarsvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Með bréfi dagsettu 14. nóvember sl. fór allsherjarnefnd Alþingis fram á umsögn Sýslumannafélags Íslands um frumvarp til laga um Schengen upplýsingakerfið, 189. mál.

Stjórn félagsins fjallaði um frumvarpið á fundi 21. nóvember síðastliðinn og gerir ekki athugasemdir við efni þess.

F.h. Sýslumannafélags Íslands,



Ólafur P. Hauksson.



Alþingi
Erindi nr. Þ 132/221
komudagur 29.11.2005

UMBOÐSMAÐUR BARNA

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 23. nóvember 2005
UB: 0511/4.1

Efni: Frumvarp til laga um Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi

Vísað er til bréfs allsherjarnefndar Alþingis, dagsett 14. nóvember 2005, þar sem óskað er eftir umsögn umboðsmanns barna um ofangreint frumvarp. Þar sem frumvarpsdrögin fjalla ekki á beinan hátt um málefni barna og miklar annir eru hjá embættinu, sér umboðsmaður sér ekki fært að veita umsögn að þessu sinni.

Virðingarfyllst

Ingibjörg Rafnar

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

nefndarsvid@althingi.is

30. nóvember 2005
AG-MÁL nr.989

Umsögn um frumvarp til laga um Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi, 189. mál, skráning upplýsinga um einstaklinga og hluti, EES-reglur, sbr. bréf allsherjarnefndar, dags. 14.11.2005.


Vísað er til bréfs samgöngunefndar Alþingis þar sem óskað er umsagnar Umferðarstofu um frumvarp til laga um Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi, 189. mál, skráningu upplýsinga um einstaklinga og hluti, EES-reglur.

Umferðarstofa hefur skoðað frumvarpið og athugasemdir um það og þykir ekki að svo stöddu ástæða til þess að gera athugasemdir við frumvarpið af hálfu Umferðarstofu.

Virðingarfyllst,



Karl Ragnar



William Thomas Möller

**Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.**

**Efni: Beiðni um umsögn vegna frumvarps til laga um Schengen-
upplýsingakerfið á Íslandi, 189. mál, skráning upplýsinga um einstaklinga og
hluti, EES-reglur.**

Útlendingastofnun barst bréf frá allsherjarnefnd Alþingis, dags. 14. nóvember sl., þar
sem farið var þess á leit að stofnunin veitti umsögn vegna frumvarps til laga um
Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi.

Að svo stöddu gerir Útlendingastofnun engar athugasemdir við ofangreint frumvarp.

Reykjavík, 28.11.2005
F.h. Útlendingastofnunar


Ragnheiða Ó. Þóðvaradóttir
forstöðumaður stjórnsýslusviðs